



Reykjavík, 11. desember 2023
IER23110025

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umfang vinnu vegna stafrænna kennslulausna í skólastarfi á vegum Reykjavíkurborgar

Í ljósi ákvæða persónuverndarlaga og nýlegra úrskurða Persónuverndar vill undirrituð vekja athygli á þeim vanda sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stendur frammi fyrir er kemur að nýtingu stafrænna kennslulausna.

Greinargerð

Ábyrgðaraðila, sem tekur eða hefur tekið ákvörðun um að nýta stafrænar kennslulausnir í skólastarfi, ber að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) og útbúa skrár yfir vinnslustarfsemi um notkun þeirra í samræmi við ákvæði 29. gr. og 26. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hugtakið stafræn kennslulausn í þessu samhengi nær yfir öll þau forrit og allar þær vefsíður sem áætlað er að nota eða eru þegar í notkun hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar en ljóst er að hvorki er búið að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd fyrir þau öll né gera vinnsluskrár. Gerðar eru ríkari kröfur til skólastofnana sem sinna kennslu barna á leik- og grunnskólaaldri í þessum efnum þar sem persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndar-löggjöfinni.

Til að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd, gera vinnsluskrár og vinnslusamninga og undirbúa viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk þarf aðkomu margra ólíkra sérfræðinga, þ. á m. sérfræðings í upplýsingatækni, sérfræðings í kennslufræðum og lögfræðings með sérþekkingu á persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Einnig þarf aðkomu skólastjórnenda eða tengiliðar skólans við sérfræðing í upplýsingatækni sem sækir um notkun á umræddri kennslulausn og svarar til um nauðsyn hennar og notkun, verkefnastjóra sem heldur utan um verkefnið í heild, aðila innan fjármáladeildar skóla- og frístundasviðs sem segir til um hvort skólum sé heimilt að greiða fyrir kennslulausn, lögfræðinga þjónustu- og nýsköpunarsviðs og lögfræðinga skóla- og frístundasviðs ásamt aðkomu persónuverndarfulltrúa, sem leggur mat á framangreinda vinnu og hvort hún teljist fullnægjandi m.t.t. persónuverndarlaga og fyrirmæla Persónuverndar.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur með ýmsum hætti á liðnum árum og mánuðum vakið athygli á og lýst áhyggjum af umfangi og flækjustigi þeirrar vinnu sem sviðið stendur frammi fyrir gagnvart hlítmi við ákvæði persónuverndarlaga. Á fundi með persónuverndarfulltrúa og innri endurskoðanda þann 11. janúar sl. lýstu sviðsstjóri og yfirlögfræðingur skóla- og frístundasviðs þeim vanda sem leiðir af skorti á þekkingu á



tæknilegum öryggisráðstöfunum og sjálfgefni og innbyggðri persónuvernd á fagsviðinu auk skorts á getu til að leggja mat á hæfni vinnsluaðila sem og undirvinnsluaðila að því leyti skv. 25. gr. persónuverndarlaga, hvort sem slíkt mat á sér stað við innleiðingu lausnar/kerfis eða við reglubundið áhættumat þess. Æskilegt er að áhættumat sæti endurskoðun á tveggja ára fresti og í raun er gerð krafa af hálfu Persónuverndar að áðurnefnd gögn séu uppfærð reglulega.

Á fundinum kom fram að skóla- og frístundasvið hefur án fullnægjandi árangurs ítrekað óskað eftir samtali og samstarfi með kjarnasviðum og öðrum fagsviðum um það hvernig Reykjavíkurborg getur best sinnt skyldum sínum í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga, meðal annars um mat á áhættu sem lýtur að upplýsingatækni við framkvæmd mats á áhrifum á persónuvernd og mögulegt samstarf við þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Í hjálögðu minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til persónuverndarfulltrúa, dags. 25. janúar 2023, er nánar lýst þeim vanda sem sviðið stendur frammi fyrir og áhyggjum stjórnenda. Í stuttu máli er það mat sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að við núverandi ástand verði ekki unað og að ryðja þurfi úr vegi þeim hindrunum sem nú eru til staðar í kerfinu. Síðan þá hefur skóla- og frístundasvið fengið Maskínu og Stafræna Grósku til aðstoðar og ráðgjafar en nú þegar þetta er ritað hefur Stafræn Gróska lokið sinni aðkomu og þá stendur skóla- og frístundasvið eitt frammi fyrir þeirri umfangsmiklu og flóknu vinnu sem lýst er hér að framan.

Álit persónuverndarfulltrúa

Að mati persónuverndarfulltrúa er nauðsynlegt gera átak í að fræða skólastjórnendur á skóla- og frístundasviði um innra eftirlit sem tengist stafrænum kennslulausnum og einnig þarf að efla skóla- og frístundasvið þannig að unnt verði að gera reglubundnar úttektir á vinnsluaðilum, þ.e. þeim sem vinna með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila á starfseiningum sviðsins.

Á þjónustu- og nýsköpunarsviði er umfangsmikil tækniþekking sem nýtist við mat á áhrifum á persónuvernd í stafrænum lausnum. Mikilvægt er að tryggja með skýrum hætti aðkomu sérfræðinga á þjónustu- og nýsköpunarsviði í tengslum við greiningarvinnu og mat á áhrifum á persónuvernd á fagsviðum með sérstaka áherslu á skóla- og frístundasvið. Eins er ljóst að Reykjavíkurborg nær ekki að standa við skyldur sínar um reglubundið innra eftirlit og uppfærslu á framangreindum gögnum þegar verkefnið er jafnumfangsmikið og raun ber vitni og getur það leitt til sektarálagningar af hálfu Persónuverndar, [sbr. úrskurð Persónuverndar um notkun Reykjavíkurborgar á Mentor frá 22. september 2015 nr. 2015/1203](#).

Að lokum vill persónuverndarfulltrúi vekja athygli á því að framangreind vinna sem fer í hverja og eina kennslulausn kemur þó ekki í veg fyrir það að við hljótum sektir, [sbr. nýlegan úrskurð Persónuverndar um notkun Reykjavíkurborgar á skýjalausn Google í skólustarfi frá 28. nóvember 2023 nr. 2022020363](#). Vinnan sem fór í framangreint mál spannar yfir marga mánuði og kom fjöldi sérfræðinga að vinnunni en ljóst er að hún er hvergi nærri búin, enda er sú krafa gerð til Reykjavíkurborgar að uppfæra áðurnefnd gögn og fara í frekari greiningarvinnu til að halda áfram notkun á lausninni. Hefur Reykjavíkurborg verið í góðu samstarfi við hin sveitarfélögin hvað varðar málareksturinn við Persónuvernd og heldur það samstarf áfram þar til endanleg lausn er komin í málið. Reykjavíkurborg fór í mun umfangsmeiri undirbúningsvinnu heldur en hin sveitarfélögin sem hlutu sektir frá Persónuvernd, sem gæti útskýrt af hverju sekt okkar er t.a.m. einni milljón lægri en sekt Kópavogsbæjar sem notaði fría útgáfu af lausninni og framkvæmdi ekki mat á áhrifum á



persónuvernd (MÁP). Við þurfum þó að gera betur og er því enn meiri þörf á því að fá alla þá sérfræðinga að borðinu sem þörf er á. Er því ráðlagt að formgert verði samstarf milli skóla- og frístundasviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs þegar kemur að því að leggja mat á kennslulausnir í skólastarfi, þar sem skóla- og frístundasvið fái aðgang að upplýsingatæknifræðingum þjónustu- og nýsköpunarsviðs og e.t.v. einnig lögfræðingum þeirra, þegar þess er þörf. Að mati persónuverndarfulltrúa þarf að setja á fót þverfaglegan hóp skipuðum sérfræðingum á skóla- og frístundasviði og þjónustu- og nýsköpunarsviði sem verði annars vegar fengið það verkefni að kortleggja allar stafrænar kennslulausnir sem eru í notkun á skóla- og frístundasviði og hins vegar að meta áhrif á persónuvernd og útbúa skrár yfir vinnslustarfsemi vegna þeirra.

Að mati persónuverndarfulltrúa væri viðeigandi að borgaryfirvöld beittu sér á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi það að teknar verði upp viðræður við menntamálaráðherra um skýrari heimildir til handa skólastofnunum til að vinna persónuupplýsingar í þágu kennslu. Eins vill undirrituð benda á að í ljósi þess að hver og ein skólastofnun þarf að gera framangreinda undirbúningsvinnu fyrir hverja og eina kennslulausn er það hagkvæmast fyrir alla ef þessi vinna er unnin þvert yfir landið og t.a.m. gerð af hálfu stofnunar eins og Menntamálastofnunar, sem getur þá tekið ákvörðun þvert á sveitarfélög um það hvaða kennslulausnir teljist vera með fullnægjandi öryggisráðstafanir og hverjar ekki. Eins væri hægt að óska eftir því að afstaða sé tekin til þess hvort að Ísland eigi einfaldlega að fjármagna það að kennslulausnir séu þróaðar hérlendis og á þann hátt að þær uppfylli allar þær kröfur sem persónuverndarlöggjöfin gerir til vinnslu persónuupplýsinga barna.

Persónuverndarfulltrúi er að sjálfsögðu reiðubúinn til að aðstoða við allt sem hér kemur fram og vonast eftir frekara samtali um stöðuna sem við stöndum frammi fyrir.

Virðingarfyllt,

Kolbrún Birna Hallgr. Bachmann
persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Minnisblað skóla- og frístundasviðs, dags. 25. janúar 2023



MINNISBLAÐ

Reykjavík, 25. janúar 2023
SFS22030164

Frá: Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Til: Innri endurskoðunar og ráðgjafar

Efni: Notkun tæknilausna í skóla- og frístundastarfi út frá öryggi persónuupplýsinga og gagna

Skóla- og frístundasvið hefur á liðnum árum tekist á við flókin úrlausnarefni sem tengst hafa persónuvernd og öryggi gagna vegna notkunar tæknilausna í skóla- og frístundastarfi.

Tilfni þessarar samantektar er að vekja sérstaka athygli á áhættu út frá persónuvernd sem snýr að framangreindri notkun.

Jafnframt að óska eftir aðkomu og ráðgjöf innri endurskoðunar og ráðgjafar annars vegar vegna mikils fjölda tæknilausna sem nú þegar eru í notkun og hinsvegar vegna gerð verkferla vegna innleiðingar nýrra tæknilausna í skóla- og frístundastarfi.

Persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar og ber því að veita þeim sérstaka athygli með því að tryggja skilvirka og örugga verkferla á núverandi sem og tilvonandi vinnslu þeirra.

1. Vandinn í stuttu máli

Í **fyrsta lagi** liggur fyrir að kröfur þær sem Persónuvernd gerir vegna notkunar tæknilausna sem vinna með persónuupplýsingar barna eru gífurlega miklar. Til að mæta þeim kröfum þarf starfsfólk með sérþekkingu í persónuvernd, kennslufræði og tækni. Ekki hefur verið um það að ræða að ráðið hafi verið starfsfólk á skóla- og frístundasvið til að sinna verkefnum tengdum öryggi tæknilausna út frá persónuvernd heldur hefur verkefnið bæst á önnur og má ljóst vera að í núverandi skipulagi næst ekki að sinna verkefninu eins og fyrrgreindar kröfur gera ráð fyrir. Þetta er staðan þrátt fyrir að fyrir liggja að í notkun eru hundruðir lausna og að nýlega hafi staðið yfir innleiðing á notkun tæknilausna og tækja fyrir hundruði milljóna. Þá valda verkefni tengd málaflokknum því að önnur mál er varða persónuvernd í skóla- og frístundastarfi fá ekki fengið nauðsynlega athygli.

Í **öðru lagi** þarf aðkomu sérfræðinga í upplýsingatækni en slíkir sérfræðingar eru ekki til staðar á skóla- og frístundasviði enda verkefni af þeim toga falin í skipulagi Reykjavíkurborgar öðru sviði, þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Í **þriðja lagi** verður ekki frá því litið að þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) ber ábyrgð á upplýsingatækni og gagnastjórnun Reykjavíkurborgar, ásamt nýsköpun, tæknilegum umbótum og þjónustu á þeim sviðum. Þar er að finna starfsfólk með sérhæfða þekkingu í málaflokknum og er það mat skóla- og frístundasviðs að til að tryggja örugga notkun beri að tryggja skilgreinda ábyrgð vegna notkunar tæknilausna í skóla- og frístundastarfi hjá PON.



Í fjórða lagi er tekið fram að þegar tekin er ákvörðun um innleiðingu nýrra tæknilausna á vegum Reykjavíkurborgar þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna allra þátta verkefnisins þar með talið vegna persónuverndar með sama hætti og gert er ráð fyrir kostnaði vegna áhættumats eða annarrar ráðgjafar.

Í fimmta lagi þarf að skilgreina ábyrgð allan líftíma lausnarinnar og tryggja að eftir að búið er að taka lausn í notkun verði sem dæmi mat á áhrifum á persónuvernd uppfært ef vinnsla breytist, ef tilkynnt er um nýjan undirvinnsluaðila o.fl. auk annarra atriða sem huga þarf að vegna notkunarinnar. Þar er lykilatriði að skilgreint verði hvar ábyrgð allra þátta liggur í öllu ferlinu.

2. Áhættan

Óskilgreind ábyrgð, skortur á skipulagi og mönnun leiðir óhjákvæmilega til þeirrar áhættu að komið getur til þess að öryggi persónuupplýsinga barna sé ekki með þeim hætti sem skylt er og að lítið verði svo á að Reykjavíkurborg uppfylli ekki skyldur sínar gagnvart persónuverndarlöggjöfinni.

Framangreint leiðir jafnframt til sóunar á fjármunum sem veitt er í verkefni sem tengjast tæknilausnum í skólasterfi.

3. Hvað þarf að gera

Í fyrsta lagi þarf að gera áætlun um úttekt á tæknilausnum sem nú þegar eru í notkun og tryggja að þær standist þær kröfur sem löggjöfin gerir. Tryggja þarf að lausnir sem ekki uppfylla kröfur verði teknar úr notkun. Tryggja þarf mannafla með rétta þekkingu og fjármagn til að hægt sé að fara í verkefnið og er það mat skóla- og frístundasviðs að rétt væri að fá sérstakan verkefnastjóra vegna þessa þáttar.

Í öðru lagi þarf að gera verkferla og skilgreina ábyrgð á öllum þáttum persónuverndar á líftíma lausna í notkun eða sem taka á í notkun. Eftirfarandi eru dæmi um atriði sem þarf að skilgreina ábyrgð á og með hvaða hætti ákvarðanir eru teknar.

- Hver gerir úttekt á vinnsluaðila
- Hver metur lausnina út frá öryggis- og tæknikröfum Reykjavíkurborgar
- Hver tekur ákvörðun um að heimila vinnslu persónuupplýsinga í tæknilausn
- Hver framkvæmir mat á áhrifum á persónuvernd og uppfærir þegar þörf er
- Hver framkvæmir áhættumat og uppfærir það með reglubundnum hætti
- Hver metur kennslulausnina með tilliti til faglegra kennslufræðilegra markmiða
- Hver er með lausnina í stýringu, hvað þýðir að vera með lausn í stýringu
- Hver ákveður hvaða tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja innbyggða og sjálfgefna persónuvernd þannig að meginreglum persónuverndarlöggjafarinnar sé ávallt fullnægt
- Hver gerir vinnsluskrá og breytingar á henni ef við á
- Hver gerir leiðbeiningar um notkun lausnarinnar og breytir þeim ef við á
- Hver gerir fræðslu til notenda og breytir þeim ef við á
- Hver veitir fræðslu til barna og með hvaða hætti
- Hver gerir reglubók ef við á
- Hver gerir upplýsingaöryggisstefnu/ yfirlýsingu um upplýsingaöryggi ef við á
- Hver undirritar vinnslusamning
- Hver er tengiliður Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila gagnvart vinnsluaðila
- Hver hefur eftirlit með að notkun lausnar sé í samræmi við leiðbeiningar
- Hvaða ferli gildir við endurskoðun vegna notkunar lausnarinnar til dæmis vegna breytinga á undirvinnsluaðila
- Hver tryggir innra eftirlit vegna notkunar og hver framkvæmir innra eftirlit



- Hver tekur ákvörðun um að taka lausn úr notkun ef hún uppfyllir ekki lengur skilyrði til notkunar
- Hver ber ábyrgð á samskiptum við persónuverndarfulltrúa vegna notkunarinnar

Mat skóla- og frístundasviðs er að út frá skilgreindu skipulagi Reykjavíkurborgar ætti ÞON að bera mun víðtækari ábyrgð en raun hefur verið til þessa dags.

Í tengslum við framangreint verkefni er mikilvægt að sett verði stefna varðandi upplýsingaöryggi í rafrænu umhverfi í skóla- og frístundastarfi.

4. Nánar um notkun tæknilausna skólastarfi

Í **fyrsta lagi** ber að nefna svokallað Mentormál frá árinu 2015 en þá komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að vinnsla persónuupplýsinga í Mentor í tilgreindum skólum borgarinnar væri ekki í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Beindi Persónuvernd sérstökum tilmælum til skólanna um úrbætur sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga í Mentor og öryggi þeirra. Fleiri sveitarfélögum bárust ábendingar sama efnis og var málið unnið með stuðningi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem meðal annars greiddi fyrir lögmannsaðstoð og vinnu sérfræðings í upplýsingaöryggi sem framkvæmdi áhættumat hjá öllum grunnskólum, samdi upplýsingaöryggisstefnu og útbjó svokallaða reglubók. Í þessu tilfelli er staðan sú að skólarnir sjálfir taka ákvörðun um notkun Mentor en skóla- og frístundasvið hefur gert vinnslusamning fyrir þeirra hönd við Mentor og Námfús sem örfáir skólar nýta.

Þess ber jafnframt að geta að leikskólar borgarinnar nota Völu leikskóla og frístundaheimilin Völu frístund en það er kerfi í eigu Advania ehf. en sú lausn er í rekstri hjá UTR.

Í **öðru lagi** hafa grunnskólar Reykjavíkurborgar hver á sínum forsendum komið sér upp upplýsingatækni til að nýta í kennslu til að uppfylla skilyrði aðalnámskrár og skólanámskrá viðkomandi skóla. Þar á meðal má nefna kennsluumhverfi, smáforrit og annan búnað sem er keyptur, innleiddur og rekinn af hverjum skóla fyrir sig. Skóla- og frístundasvið hefur veitt Persónuvernd upplýsingar um rúmlega **300** kennslulausnir sem skóla- og frístundasvið hefur tekið saman úr miðlægu kerfi Reykjavíkurborgar yfir þau kerfi sem grunnskólar borgarinnar hafa aðgang að. Mismunandi er hvaða kennslulausnir eru í notkun í hverjum skóla. Um er að ræða kennslulausnir sem skrifstofa skóla- og frístundasviðs telur að geti talist vera skýjalausnir sem falli undir skilgreiningu úttektar Persónuverndar og að í þeim kunni að vera unnið með persónuupplýsingar nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Þá hafa UTR og skrifstofa skóla- og frístundasviðs einnig innleitt tæknilausnir í skólastarf svo sem Google Workspace for Education Plus.

Árið 2020 var útbúið sértakt ferli vegna umsóknar grunnskóla um tæknilausnir. Síðustu mánuði hefur staðið yfir endurmat á þessu vinnulagi við öflun skýjaþjónustuveitna í kjölfar nýlegra ákvarðana frá Persónuvernd, einkum úrskurð stofnunarinnar í máli nr. 2021040879 (Seesaw) með hliðsjón af þeim leiðbeiningum sem þar er að finna. Jafnframt hefur verið litið til þeirrar vinnu sem Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur leitt fyrir hönd sveitarfélaganna þar sem áhættugreindur hefur verið mikill fjöldi kennslulausna í skólastarfi. Þeirri vinnu er ætlað að auðvelda val á öruggum lausnum og viðbrögðum við þeim áhættum sem kennslulausnirnar kunna að hafa í för með sér. Þá liggur fyrir að Persónuvernd er nú með frumkvæðisathugun á notkun skýjaþjónustu í skólastarfi og horfir þar sérstaklega til notkunar Google í skólastarfi. Þá hefur stofnunin svarað beiðni skóla- og frístundasviðs um fyrirframsamráð með þeim hætti að beiðnin verði ekki tekin til efnislegrar meðferðar að svo stöddu á meðan frumkvæðisathugun stofnunarinnar á notkun skýjaþjónustu í skólastarfi stendur yfir.



Verkefnið Stafræn gróska var hleypt af stokkunum vorið 2021 og mun standa til loka 2023. Markmið með verkefninu er hraðari innleiðing á stafrænni tækni í grunnskólum borgarinnar með fjölgun námstækja samhliða stuðningi við frekari framþróun í skólastarfi og starfþróun kennara með aukinni kennsluráðgjöf og fjölbreyttum námskeiðum. Í einföldu máli snýst verkefnið um að fjölga námstækjum í grunnskólum svo allir nemendur í 5. – 10. bekk hafi hvert sitt námstæki til afnota í skóla og heima, ef því er að skipta, og að nemendur í 1. – 4. bekk hafi greiðari aðgang að námstækjum en verið hefur. Að allir nemendur hafi aukinn aðgang að fjölbreyttum hugbúnaði sem styður við örugga, framsækna og skapandi tækni eins og fram kemur í aðalnámskrá. Að starfsfólk skóla fái viðeigandi stuðning og fræðslu til að nýta tæknina, námi nemenda til stuðnings.

Engin ný hugbúnaðarlausn, forrit eða smáforrit hafa verið heimiluð í töluverðan tíma og hafa eftirfarandi þættir haft þar mest að segja; lagaleg óvissa, óljós ábyrgð og hlutverk innan Reykjavíkurborgar, skortur á mannskap og stefnumótun í málaflokknum. Kennarar eru ötulir að finna erlendan hugbúnað, forrit eða smáforrit til að vinna með í sínum stafrænum verkefnum sér í lagi þar sem Menntamálastofnun sem annars sér sveitafélögum og skólum landsins fyrir námsefni hefur ekki náð að fylgja þróuninni eftir og mæta þörfum skólanna. Það krefst þess að sveitafélögin þurfa að meta lausnir með tilliti til persónuverndar og er útséð um að skólarnir geti séð um það sjálfir.

Lauslega áætlað eru allt að 1000 lausnir sem bíða greiningar og mats. Þetta eru ýmsar veflausnir, forrit, smáforrit og hugbúnaður, sumar eru nú þegar í notkun. Margt af þessum lausnum munu ekki þurfa nánari greiningu því þær safna ekki persónuupplýsingum en það þarf engu að síður að skoða þær allar.

Með vísan til framangreinds liggur fyrir að í grunnskólum Reykjavíkurborgar eru í notkun fjöldinn allur af hugbúnaðarlausnum sem ekki hefur verið farið yfir í því skyni að tryggja sé að notkun sé lögmæt. Þá hefur ekki verið samþykkt að taka í notkun nýjar lausnir þrátt fyrir mikla eftirspurn.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 19. maí 2022 til skóla- og frístundasviðs er vikið að því að þrátt fyrir að ekki sé unnið með persónuupplýsingar í öllum þeim 305 smáforritum sem talin eru upp á lista geti notkun þeirra eða það að þeim sé hlaðið niður í tiltekið tæki, raskað öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með í öðrum forritum í sama tæki. Jafnframt voru gefin tilmæli um að æskilegt geti verið fyrir Reykjavíkurborg að setja stefnu varðandi upplýsingaöryggi í rafrænu umhverfi grunnskóla sveitarfélagsins.

5. Kröfur vegna notkunar tæknilausna í skólastarfi

Fyrir liggur að þegar sveitarfélög taka í notkun upplýsingatæknikerfi til að vinna með persónuupplýsingar barna eru gerðar ítrustu kröfur til persónuverndar enda í persónuverndarlöggjöfinni tiltekið að persónuupplýsingar barna njóti sérstakrar verndar. Þetta leiðir til þess að allri notkun tæknilausna í skóla- og frístundastarfi fylgja umfangsmikil verkefni.

Persónuvernd hefur veitt eftirfarandi leiðbeiningar vegna notkunar tæknilausna í skólastarfi:

1. Skilgreina í upphafi og skjalfesta tilgang vinnslu persónuupplýsinga, sem þarf að vera skýr og afmarkaður fyrir hverja vinnsluáðgerð, og leggi heildstætt mat á hvort vinnslan er nauðsynleg í þeim tilgangi. Er t.d. nóg að nota upplýsingatæknikerfi með þeim hætti að kennarar geti miðlað kennsluefni til nemenda?
2. Tryggja að persónuverndarfulltrúi komi að málinu tímanlega og með viðeigandi hætti.
3. Ákveða og skjalfesta á hvaða heimild vinnslan byggist.



4. Gera ítarlega vinnsluskrá.

5. Tryggja að það upplýsingatæknikerfi sem verður fyrir valinu vinni ekki annálagögn eða önnur lýsigögn, hvorki nemenda né foreldra þeirra eða forráðamanna, í þágu markaðssetningar eða við gerð persónusniðs, eftir atvikum með sjálfgefnum stillingum.

6. Leitast við að tryggja að persónuupplýsingar séu varðveittar innan Evrópska efnahagssvæðisins og, ef flytja skal persónuupplýsingar út fyrir Evrópska efnahagssvæðið í einhverjum tilvikum, að fylgt sé tilmælum Evrópska persónuverndarráðsins frá 18. júní 2020 nr. 1/2020 um ráðstafanir vegna flutnings persónuupplýsinga úr landi (e. Recommendations on measures that supplement transfer tools to ensure compliance with EU level of protection of personal data), þ. á m. að gerðir séu fullnægjandi samningar um flutninginn sem taka tillit til aðstæðna í því landi sem um ræðir.

7. Framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd, í samráði við persónuverndarfulltrúa, þar sem m.a. eftirfarandi er metið:

i. Nauðsyn hverrar vinnsluaðgerðar og þar með hvaða persónuupplýsingar nauðsynlegt sé að vinna með í skilgreindum tilgangi.

ii. Áhætta af vinnslunni fyrir persónuvernd skráðra einstaklinga, bæði vinnslunni í heild og hverri einstakri vinnsluaðgerð. Greina ætti uppruna, eðli, sérkenni og alvarleika áhættunnar. Í því felst ekki eingöngu að greina hvað getur komið upp á heldur hvaða áhrif vinnslan getur haft á hina skráðu þrátt fyrir að ekkert kæmi upp á sem og ef eitthvað kemur upp á.

iii. Hvaða ráðstafanir fyrirhugað er að grípa til gegn þeirri áhættu, þ. á m.:

a. Hvaða tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja innbyggða og sjálfgefna persónuvernd þannig að meginreglum persónuverndarlöggjafarinnar sé ávallt fullnægt.

b. Hvaða tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi persónuupplýsinga.

iv. Tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir vinnsluaðila og/eða sameiginlegs ábyrgðaraðila.

8. Leita, eftir atvikum, eftir áliti nemenda, foreldra og forráðamanna við gerð mats á áhrifum á persónuvernd.

9. Tryggja raunverulegan andmælarétt vegna vinnslu sem byggist á 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 og e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna og 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar. Í því felst að vera með aðrar raunhæfar lausnir í boði fyrir þá nemendur sem ekki vilja nota tiltekið upplýsingatæknikerfi.

10. Gera fullnægjandi vinnslusamning við vinnsluaðila og eftir atvikum samkomulag sem lýtur að sameiginlegri ábyrgð.

11. Veita skráðum einstaklingum (nemendum, foreldrum og forráðamönnum) fræðslu samkvæmt ítrustu kröfum 1. og 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Það felur einnig í sér að veita fræðslu í hvert sinn sem t.d. skilmálar vinnsluaðila eða öryggisráðstafanir breytast.



12. Tryggja ávallt lágmörkun gagna skólabarna í upplýsingatæknikerfum. Það felur í sér að gögnum sé eytt um leið og vistun þeirra er ekki lengur í samræmi við skilgreindan tilgang. Ef ekki er hægt að tryggja eyðingu gagna þá þegar þurfa sveitarfélög að skjalfesta rökin fyrir þörf á lengri vistun, t.d. ef tilefni er til að vista verkefni nemenda til lok annar.

13. Framkvæma eða láta framkvæma reglulegar úttektir á vinnsluaðila.

14. Endurskoða mat á áhrifum á persónuvernd reglulega og meta hvort unnið er í samræmi við það og hvort tilefni er til að framkvæma nýtt mat, t.d. ef breyting verður á þeirri áhættu sem fylgir einstökum vinnsluaðgerðum eða á upplýsingaöryggi hjá vinnsluaðila.

Tekið er fram að í tengslum við Mentor málið voru til viðbótar framangreindu gerðar enn ríkari kröfur til sem dæmi þess að til staðar væri áhættumat, reglubók, árlega framkvæmt innra eftirlit ofl.

Með vísan til alls þess sem að framan hefur verið rakið er óskað eftir aðkomu og ráðgjöf innri endurskoðunar og ráðgjafar vegna mikils fjölda tæknilausna sem nú þegar er í notkun og gerð verkferla vegna notkunar nýrra tæknilausna í skóla- og frístundastarfi þannig að tryggt sé að verkefnum sé sinnt af þeim aðilum innan Reykjavíkurborgar sem best eru til þess fallnir samkvæmt samþykktu skipulagi.

Það er algjörlega nauðsynlegt fyrir þróun skólastarfs á 21. öldinni að þeim hindrunum sem eru nú til staðar í kerfinu sé rutt úr vegi. Við núverandi ástand verður ekki unað.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs